

Bolungarvík 23.janúar 2025

Bolungarvíkurkaupstaður
Jón Páll Hreinsson
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

E.coli í neysluvatni Bolvíkinga-Vatnssuða

21. janúar. E.coli mældist í neysluvatnssýni. Sýnataka var endurtekin þann
22. janúar þá ræktast E. coli eða colí úr tveimur sýnum af þremur.
Niðurstaðan er að vatnið stenst ekki kröfur skv. neysluvatnsreglugerð nr
536/2001 úr sýninu ræktast . E.coli.

Þegar heilbrigðiseftirlitið tekur sýni af neysluvatni þá er vatnið skoðað með
tilliti til svonefndra vísibaktería. Þannig er leitað að saurbakteríum, kólígerlum
og saurkólí gerlum en þetta eru bakteríur sem hafa uppruna sinn í þörmum
dýra með heitt blóð. Tilvist þeirra segir því til um ferska eða nýlega
saurmengun. Við það að finna vísibakteríur í neysluvatni gefur okkur tilefni til
að álykta að aðrar og hættumeiri bakteríur gæti verið þar einnig að finna.
Sterk tengsl eru milli þess að finna saurkólí í vatni og þess að finna
Campylobakter sem gefur tilefni til sterkra viðbragða um leið og við finnum
saurbakteríur í drykkjarvatni.

Virðingarfyllst



Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi



Tilkynning notanda neysluvatns Bolungarvík

Við könnun á neysluvatni þann 21.1 fundust saurgerlar (*E.coli*) í neysluvatninu. Sem varúðarráðstöfun er fólki ráðlagt að sjóða drykkjarvatnið.

Virðingarfyllt

Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi